

Mánudaginn 8. apríl 1946.

Nr. 67/1945. **Réttvísín** (Hrl. Lárus Jóhannesson)
gegn

Gísla Sigurðssyni (Hrl. Egill Sigurgeirsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Lögreglumaður verður offari. Fyrning sakar.

Dómur hæstaréttar.

Ísleifur Árnason prófessor hefur kveðið upp hinn áfrýj-
aða dóm samkvæmt umboðsskrá.

Sigfús Baldvinsson veittist að ákærða með ókvæðisorðum,
er hann var að gegna lögreglustarfa sínum. Hegðun Sig-
fúsar veitti ákærða samt ekki, eins og á stóð, efni til svo
barkalegrar atgöngu að Sigfúsi og raun ber vitni. Atgangan
með þeim afleiðingum, sem af henni hlaut, varðaði ákærða
því við 126. og 205. gr. hegningarlaga 25. júní 1869, sem í
gildi voru, er atburðir málsins gerðust. Eftir að hegningar-
lög nr. 19/1940 gengu í gildi, bar að heimfæra brot ákærða
til 218. gr. og 138. gr. þeirra laga. Þar sem ákærði framdi
verk það, sem hann nú er sóttur til refsingar fyrir, í reiði,
er Sigfús með stórfelldri móðgun hafði vakið honum, átti
að tiltaka refsingu hans með hliðsjón af 4. tl. 74. gr. laga
nr. 19/1940, og hefði refsingin verið hæfilega ákveðin
sektir. Af þeim ástæðum, sem greinir í héraðsdómi, lá rann-
sókn máls þessa niðri frá 18. desember 1940 til 24. marz
1945. Þessi stöðvun á rannsókn málsins leiddi, þar sem til
sekta var einungis unnið, til fyrningar sakar samkvæmt 1.
tl. 81. gr. 80. og 2 mgr. 82. gr. laga nr. 19/1940. Ber því að
sýkna ákærða af refiskröfu ákærvaldsins í máli þessu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu um refsikröfuna verður
skaðabótakrafa Sigfúsar Baldvinssonar á hendur ákærða
ekki dæmd í máli þessu.

Allan kostnað sakarinnar ber að dæma á hendur ríkis-
sjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og
verjanda fyrir hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Átelja verður héraðsdómara fyrir vangæzlu á skjölum máls þessa.

Dómsorð:

Ákærði, Gísli Sigurðsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr rikissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Jóhannessonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 800.00 til hvors.

Dómur aukaréttar Hafnarfjarðarkaupstaðar 26. marz 1945.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað fyrir aukarétti Hafnarfjarðarkaupstaðar með stefnu, útgefinni 24. þ. m., gegn Gísla Sigurðssyni lögregluþjóni, Hverfisgötu 38 í Hafnarfirði, fyrir meint brot gegn 14. og 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febr. 1940, sbr. 13. og 18. kap. hegningarlaganna frá 1869, svo og til greiðslu málskostnaðar í málinu og skaðabótgreiðslu.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 23. júní 1903. Hefur hann hvorki sætt ákæru né refsingu fyrir nokkurt afbrot.

Málavextir virðast þeir, sem nú skal greina. Aðfaranótt sunnudagsins 7. apríl 1940 var dansleikur haldinn á veitingahúsinu Birninum í Hafnarfirði. Mun nokkuð hafa kveðið að áfengisnautn á dansleiknum. Um nóttina, klukkan á að gizka 3, tóku lögregluþjónarnir ákærði og Jón Guðmundsson tvo menn af dansleiknum vegna ölvunar og fluttu þá í fangelsi. Eftir beiðni Jóns aðstoðaði Kristján Andrússon verzlunarmaður, Vörðustíg 7 í Hafnarfirði, lögregluþjónana við þetta. Annar þeirra manna, sem fangelsaðir höfðu verið í umrætt skipti, var Kristján Stefánsson, háseti á linuveiðaranum Öldunni, sem Sigfús Baldvinsson útgerðarmaður, Fjólugötu 10 á Akureyri, hafði gert út frá Hafnarfirði á vetrarvertíðinni. Hafði Sigfús dvalarstað á Birninum, meðan á útgerðinni stóð. Frétti Sigfús brátt um handtöku Kristjáns, og þar sem ráðgert hafði verið, að Aldan færi heimleiðis á sunnudagsmorguninn, ákvað hann að reyna að fá Kristján látinn lausan þegar um nóttina, til þess að skipið þyrfti ekki að teyfjast vegna hans morguninn eftir. Fór Sigfús í þessu skyni að fangelsinu, sem er vestarlega í Hafnarfirði, og voru í fylgd með honum þeir Valtýr Pálmason og Cæsar Hallgrímsson, báðir frá Akureyri. Er að fangelsinu kom, var hurð þess lokuð, en ekki læst, og gengu þeir allir inn í anddyrið. Voru

lögregluþjónarnir og Kristján þá í þann veginn að koma hinum ölvuðu mönnum, er þeir höfðu komið með, fyrir í fangaklefum. Fór Sigfús þess þegar á leit við lögregluþjónana, að þeir létu Kristján lausan, en þeir synjuðu þess og sögðu, að Sigfús og þeir, sem með honum voru, hefðu ekkert þarna að gera, og skipuðu þeim að fara út. Urðu þeir Sigfús lítt við þeirri skipun, og ýttu lögregluþjónarnir þeim þá út fyrir dyrnar. Í þessum viðskiptum og er út fyrir fangelsið kom, féllu nú nokkur hnifilyrði af hálfu þeirra allra Sigfúsar, Valtýs og Cæsars í garð lögregluþjónanna, aðallega á þá leið, að þeir væru undir áhrifum vins eða fullir við starfið og vitlausir. Er út fyrir fangelsið kom, þótti lögregluþjónunum framkoma Valtýs og ókvæðisorð hans og brigzlyrði í þeirra garð keyra svo úr hófi, að þeir handtóku hann eg settu í fangelsið. Var Valtýr síðan daginn eftir kærður til lögreglustjórans í Hafnarfirði fyrir framkomu hans um nóttina. Játaði hann, að efni kærunnar væri rétt, og var máli hans lokið með sátt þess efnis, hann skyldi greiða 50 króna sekt til Menningarsjóðs fyrir brot sitt. Sama dag undirgekkst fyrrnefndur Kristján, sá er Sigfús hafði ætlað að fá lausan úr fangelsinu, í lögreglurétti Hafnarfjarðar 25 króna sekt fyrir ölvun og óspektir á almannafæri.

Er lögregluþjónarnir höfðu gengið frá Valtý í fangelsinu, var haldið af stað þaðan. Atvikaðist þá svo, er komið var nokkurn spöl austur Vesturgötu, að þeir ákærði og Sigfús urðu samferða, Jón og Cæsar gengu saman nokkuð á undan þeim, en Kristján hélt sig út af fyrir sig. Tókust þegar orðahnippingar með þeim Sigfúsi og ákærða, en ekki er fyllilega upplýst, hvað þeim fór á milli, en þá greinir á um það. Vitninu Kristjáni Andrésyni heyrðist Sigfús hafa svipuð ummæli og áður við fangelsið, eða þau, að framkoma lögregluþjónanna væri ósæmileg og þeir væru undir áhrifum vins í starfinu, en ákærði hafi svarað á þá leið, að hann gæti ekki verið að stæla við Sigfús, en hann nyti þess, að fangelsið væri fullskipað. Þeir Sigfús og ákærði urðu samferða eftir götunni, þar til þeir koma á móts við vesturdyr Bjarnarins. Staðnæmdust þeir þá, og var Sigfús uppi á gangstéttinni framan við húsið, en ákærði úti á götunni. Náðst hefur til fjögurra vitna, Þeirra Harðar Vigfússonar, Margrétar Ólafsdóttur, Jóhanns Guðmundssonar og Einars Karls Magnússonar, sem öll telja sig hafa fylgzt nokkuð með því, hvað fram fór milli ákærða og Sigfúsar þarna fyrir framan Björninn. Hafa öll þessi vitni staðfest framburði sína með eiði. Öll bera vitni þessi það, að þeim hafi virzt þeir báðir í æstu skapi, þeir hafi verið hávaðasamir, skammast eða verið í háa rifrildi, eins og vitnin orða það. Þá segir eitt vitnið, að þeir hafi steytt hnefana hvor í áttina til annars. Annars gátu vitnin lítið um það borið, hvað þeim fór á milli í orðum. Þó telja tvö af vitnunum sig minnst þess, að Sigfús hafi brugðið

ákærða um það, að hann væri glaseygur, en önnur tvö þeirra staðhæfa, að Sigfús hafi sagt, að ákærði væri glaseygur djöfull, en svo er farið um ákærða, að hann hafði, er þetta gerðist, misst vinstra augað, og er gler í þeirri augnatóft hans í auga stað. Hjá öllum vitnunum kemur það fram, að með greindum ummælum í garð ákærða hafi orðahnippingunum lokið. Eitt vitnið ber það, að þegar Sigfús hafði borið ákærða það á brýn, að hann væri glaseygur djöfull, hafi ákærði slegið Sigfús eitt högg, að því er vitnið heldur í höfuðið. Ekkert hinna vitnanna sá ákærða slá Sigfús, og eitt þeirra, sem kveðst hafa séð viðureignina greinilega, telur sig geta fullyrt, að ákærði hafi ekki slegið hann. Er því eigi sannað gegn mótmælum ákærða, að hann hafi greitt Sigfúsi högg. Verður að telja, að framhald samskipta þeirra ákærða og Sigfúsar hafi verið með þeim hætti, að þegar er hann hafði borið ákærða greindum brigzlum, hafi ákærði ráðizt að honum, tekið hann „haustaki“, fellt hann á hægri hlið í götuna og síðan fallið á hann ofan. Er Sigfús var orðinn undir, sveigði ákærði aðra hönd hans (hægri) aftur fyrir bak, í því skyni að setja á hann handjárn, en í sömu svifum kom Kristján Andrésón, sem skroppið hafði inn í veitingahúsið og því ekki séð viðureignina, ákærða til aðstoðar. Reistu ákærði og hann Sigfús á fætur og leiddu hann síðan á milli sín að fangelsinu og settu hann þar í fangaklefa, en hleyptu um leið tveimur mönnum, er þar voru fyrir, út úr klefanum. Yfirgáfu þeir svo að vörmu spori fangelsið. Bæði ákærði og Kristján neita því, að Sigfús hafi kvartað um meiðsl á leiðinni í fangelsið, eða eftir að þangað var komið, svo og að Sigfús hafi sætt nokkrum harðræðum af þeirra hálfu í umrætt skipti.

Klukkan tæplega 5 þessa sömu nótt varð ákærða og Jóni Guðmundssyni lögregluþjóni gengið í fangelsið, til þess að athuga upphitun þess. Eftir kalli frá Sigfúsi fór Jón inn í klefann til hans. Kvartaði Sigfús þá við hann um eymsli í öxlinni, og er Jón hafði athugað hægri öxl hans, fann hann, að aftan og ofan til á henni var kúla, sem Sigfús kveinkaði sér mjög í, ef stutt var á. Átti Jón þá tal við ákærða, og kom þeim saman um að fara með Sigfús til læknis til rannsóknar. Fóru þeir því næst með hann til Theódórs Mathiesens læknis, sem býr rétt við fangelsið. Við lækniSSkoðun kom í ljós, að hægri öxl Sigfúsar var nokkuð þrútin og aum viðkomu. Enn fremur taldi læknirinn sig sjá greinilega, að ytri endi viðbeinsins væri rifinn laus úr liðnum við hyrnuna á herðablaðinu og stæði út í vöðvann eða húðina. Ekki virtist honum, að um liðhlaup væri að ræða í axlarlið, en taldi, að verið gæti, að viðbeinið væri brotið, og áleit því rétt að biða með verulegar aðgerðir, þar til röntgenmynd hefði verið tekin. Þjó læknirinn því til bráðabirgða um hönd Sigfúsar í fatla. Að lækniSSkoðuninni lokinni fóru ákærði og Jón síðan með Sigfúsi heim til hans á

Björninn. Næsta morgun fylgdu þeir ákærði og Ólafur Guðlaugs-son Sigfúsi á Landspítalann í Reykjavík. Var þar tekin röntgenmynd af öxl hans. Kom þar í ljós, að um brot var ekki að ræða. Var þar búið um meiðslíð með böndum yfir öxlina, en álitíð, að það myndi ekki duga, heldur þyrfti uppskurð til þess að ráða bót á meiðslinu. Vegna þess að ekki fékkst vist á sjúkrahúsi, lá Sigfús á Birninum í næstu 9 daga. Hinn 16. apríl var hann lagður inn á Landakotsspítala, og gerði Matthías Einarsson læknir að meiðslunum. Lá Sigfús þar til 29. apríl, en fór þá þaðan á Hótel Vík og dvaldi þar um nokkurt skeið. Í vottorði Matthíasar Einarssonar læknis, dags. 24. maí 1940, segir læknirinn, að hann búist við því, að höndin verði Sigfúsi ónýtt næstu tvo mánuði, en úr því geri hann ráð fyrir því, að hún fari að styrkjast, og að hann verði mikið til jafngóður eftir 1—2 ár. Eftir að hafa skoðað Sigfús, mat Jóhann Sæmundsson tryggingaryfirlæknir hinn 11. nóv. 1940 örorku hans vegna meiðslanna á þessa leið: 100% fyrstu 2½—3 mánuðina, næstu 4 mánuðina 40%, en varanlega örorku um 20%.

Það verður að teljast vafalaust, að Sigfús hafi hlotið meiðsl þau, sem nú hefur verið rætt um, er ákærði felldi hann á götuna, eins og að framan segir. Telur Sigfús, að ákærði eigi alla sök á þeim, því hann hafi ráðizt á sig algerlega að tilefnislausu. Beri ákærða því að greiða honum skaðabætur fyrir atvinnutjón, legu- og lækniskostnað, heilsutjón og þjáningar þær, sem hann hafi orðið fyrir vegna meiðslanna. Hefur Sigfús á þessum grundvelli krafizt þess, að ákærði verði í máli þessu dæmdur til þess að greiða honum kr. 35301.00 með 5% ársvöxtum frá 29. nóv. 1940 til greiðsludags.

Ákærði hefur haldið því fram og vitnin Jón Guðmundsson og Kristján Andrésson hafa borið það, að Sigfús hafi verið ölvaður umrædda nótt. Byggja þeir þetta álit sitt á því, að þeir hafi fundið vínlykt af honum, svo og á framkomu hans. Þá er það og álit Theódórs Mathiesens læknis, að Sigfús hafi verið undir áhrifum vins, er lögregluþjónarnir komu með Sigfús til hans. Hins vegar hafa allmörg vitni, er áttu orðaskipti við Sigfús um nóttina, borið það, að þau hafi ekki merkt vín á honum, og hann sjálfur telur sig aðeins hafa tekið 3 litil staup af brennivíni fyrir klukkan 12 um kvöldið. Verður því eigi talið sannað, að Sigfús hafi verið undir áhrifum áfengis í umrætt skipti, enda þótt framkoma hans bendi til þess, að hann hafi verið ör af víni.

Eins og hér á undan er rakið, sýndi Sigfús ákærða, að því er séð verður án réttmæts tilefnis, áreitni, er ákærði var að skyldu- störfum í og við fangahúsið, svo og á leiðinni þaðan að Birninum. Í framhaldi af þessu brigzlaði hann og ákærða á óviðurkvæm- legan hátt um líkamsgalla. Enn fremur hafði hann hávaða í

frammi. Þá þykir ekki unnt að hafna þeirri staðhæfingu ákærða, að hann hafi álitist Sigfús ölvaðan og haft nokkurt tilefni til að óttast árás af hans hálfu. Verður því að telja, að ákærði hafi, eins og á stóð, haft nægilega ástæðu til þess að veita Sigfúsi atgöngu í því skyni að handtaka hann og fjarlægja hann af almannafæri. Og þó að Sigfús hlyti fyrrgreind meiðsl í þeirri viðureign, verða þau eigi gefin ákærða að sök sem ásetnings- eða gáleysisverk. Þykir því verða að sýkna ákærða af ákærum réttvisinnar í máli þessu, og kemur þá áðurgreind skaðabótakrafa á hendur honum ekki til álita.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða allan kostnað málsins úr ríkissjóði.

Dráttur sá, sem orðið hefur á máli þessu, stafar af því, að réttarbókin ásamt útskrift af prófum málsins lagðist af vangæzlu dómarrans með alls óskyldum gögnum niður í nokkurs konar ruslakistu, þar sem dómáranum datt ekki í hug að leita, og kom hún fyrst fram nú eftir áramótin.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Gísli Sigurðsson, skal vera sýkn af ákærum réttvisinnar í máli þessu.

Allur kostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 10. apríl 1946.

Nr. 8/1946. Réttvísinn og valdstjórnin

(Hrl. Einar Arnórsson)

gegn

Hirti Magnúsi Guðmundssyni

(Hrl. Ólafur Þorgrímsson)

og

Einari Sigurjónssyni (Hrl. Theódór B. Lindal).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Manndráp af gáleysi. Brot á bifreiðalögum og umferðarlögum.

Dómur hæstaréttar.

Það er sannað í málinu, að ákærði Hjörtur Magnús Guðmundsson ók með hóflausum hraða austur Skothúsveg. Er hann ók götu þessa, hafði hann gott útsýni til Sóleyj-